



2. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1988 að hækka ríkistekjur um 488 000 þús. kr.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skuldbreyta lánnum fyrirtækja í sjávarútvegi við ríkissjóð samkvæmt skuldabréfum sem út voru gefin á árunum 1984–1985 til greiðslu á opinberum gjöldum og lánnum veittum skv. 1. gr. laga nr. 10/1984. Jafnframt er heimilt að skuldbreyta lánnum fyrirtækja í útflutningsiðnaði allt að 10 000 þús. kr.

## II. KAFLI

### Um breytingu á lögum nr. 5/1988, lánsfjárlögum fyrir árið 1988.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1988 skal heimild Landsvirkjunar til að taka lán á árinu 1988 eigi nema hærri fjárhæð en 525 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1988 skal heimild Þróunarfélags Íslands hf. til að taka lán á árinu 1988 eigi nema hærri fjárhæð en 25 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

6. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1988 skal heimild Herjólfss hf. í Vestmannaeyjum til að taka lán á árinu 1988 eigi nema hærri fjárhæð en 75 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt að fengnu samþykki fjármálaráðherra, samgönguráðherra og fjárveitinganefndar Alþingis til hönnunar og smíði ferju.

7. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í 27. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1988 skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilaskjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 15 000 þús. kr. á árinu 1988.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 28. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1988 skulu greiðslur ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 1988 eigi nema hærri fjárhæð en 1 142 000 þús. kr.

## III. KAFLI

### Um breytingu á lögum nr. 14/1965, um launaskatt, með síðari breytingum.

9. gr.

1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 87/1987, orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt að fjárhæð 3,5% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum svo sem ákveðið er í lögum þessum.

Um hlutdeild opinberra byggingarsjóða í tekjum af launaskatti fer eftir ákvæðum laga nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, svo og ákvæðum lánsfjárlaga og fjárlaga hverju sinni.

10. gr.

3. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 87/1987, orðist svo:

Undanþegin skattskyldu eru vinnulaun og þóknanir:

1. Fyrir störf hjá fyrirtækjum sem flokkast undir fiskveiðar eða iðnað skv. 1., 2. eða 3. flokki í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands.
2. Fyrir störf við landbúnað, jafnt vinna bóndans sjálfs og þeirra sem hann greiðir laun, svo og vegna jarðræktarframkvæmda og annarra byggingarframkvæmda á bújörðum en þeirra sem tengjast fiskræktarstöðvum. Vinna við skógrækt telst landbúnaðarstarf í þessu sambandi.

11. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 87/1987, orðist svo:

Reki aðili fjölþættan atvinnurekstur eða starfsemi sem ýmist er launaskattsskyld eða er undanþegin launaskatti, sbr. 1. gr. og 3. mgr. 2. gr., skal hann aðgreina launagreiðslur í bókhaldi sínu þannig að séð verði hvað af þeim tilheyri hverjum þætti.

Greiðslum fyrir yfirstjórn og öðrum slíkum greiðslum, sem ekki eru beint tengdar ákveðnum þáttum starfseminnar, skal skipt í gjaldflokka launaskatts, sbr. 1. mgr. 1. gr. og 3. mgr. 2. gr., í sömu hlutföllum og eru milli heildargreiðslna í hvorum gjaldflokki, sbr. 1. mgr., áður en umræddar yfirstjórnargreiðslur eru meðtaldar og reikna launaskatt af þeim í samræmi við það.

#### IV. KAFLI

##### Um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

12. gr.

72. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattur lögaðila, sbr. 2. gr., skal vera 48% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 62. gr.

#### V. KAFLI

##### Um gjald af erlendum lánum, leigusamningum o.fl.

13. gr.

Innlendir aðilar skulu greiða gjald til ríkissjóðs af erlendum lántökum, fjármögnunarleigu, kaupleigu og hliðstæðum samningum að því marki sem umsamdar lántökuheimildir eru notaðar og með þeim takmörkunum sem gerðar eru í lögum þessum. Gjaldskyldan hvílir á lántaka eða leigutaka.

Til innlendra aðila skv. 1. mgr. teljast einstaklingar, búsettir hér á landi, án tillits til ríkisfangs, stofnanir og fyrirtæki, skrásett hér á landi, og erlendir einstaklingar og fyrirtæki, búsettir eða skrásett erlendis, að því leyti sem þau reka starfsemi hér á landi.

14. gr.

Gjald skv. 13. gr. reiknast af höfuðstól gjaldskyldra samninga sem hér segir:

- |  |    |
|--|----|
| a. Samningur til 6 mánaða eða skemmri tíma .....                                     | 2% |
| b. Samningur til lengri tíma en 6 mánaða en þó ekki lengri tíma<br>en eins árs ..... | 4% |
| c. Samningar til lengri tíma en árs .....  | 6% |

Samanlagður gildistími samninga segir til um í hvaða gjaldflokk þeir falla.

15. gr.

Auk samninga um peningalán nær gjaldskylda skv. 13. gr. til samninga um kaup eða leigu á vöru, vinnu eða þjónustu gegn útgáfu hvers konar skuldaviðurkenninga eða formlegra lánsamninga. Sama gildir um hvers konar reikningsviðskipti til lengri tíma en 60 daga. Með reikningsviðskiptum er átt við vöruviðskipti, kaup á vinnu eða þjónustu, þar sem hvorki er gefin út formleg skuldarviðurkenning né formlegur lánsamningur gerður vegna viðskiptanna.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. telst aðeins gjaldskyld neikvæð nettóstaða banka og sparisjóða á reikningum þeirra hjá erlendum viðskiptabönkum vegna daglegra gjaldeyrisviðskipta eins og hún er að meðaltali á hverjum ársfjórðungi. Nettóstaðan reiknast eftir vikulegum skýrslum um gjaldeyrisjöfnuð og skal gjaldið reiknast af neikvæðri stöðu eins og hún er að meðaltali á hverjum ársfjórðungi.

16. gr.

Banki eða sparisjóður, sem hefur milligöngu um gerð eða framkvæmd gjaldskyldra samninga skv. 13. og 15. gr., skal innheimta gjald samkvæmt þessum kafla án endurgjalds. Gjaldið greiðist eigi síðar en við fyrstu afhendingu samningsandvirðis.

Innheimtu gjaldi skulu bankar og sparisjóðir skila inn á reikning ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands fyrir 10. dag næsta mánaðar eftir að innheimtan á sér stað. Greiðslu skal fylgja skilagrein í því formi og með þeim gögnum sem Seðlabanki Íslands ákveður. Gjald, sem ákvarðast skv. 2. mgr. 15. gr., skal greitt innan 10 daga frá lokum hvers ársfjórðungs.

Skili bankar og sparisjóðir ekki innheimtu gjaldi í síðasta lagi á gjalddaga skulu þeir greiða dráttarvexti, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, af hinni vangoldnu fjárhæð frá og með þeim degi.

17. gr.

Sé gjaldskyldur samningur samkvæmt þessum kafla gerður án milligöngu banka eða sparisjóðs skal skuldari leggja fram samningsskjöl í Seðlabanka Íslands innan fimm virkra daga frá því að samningur var gerður og greiða gjaldið um leið. Greiði þeir sem um ræðir í þessari grein ekki gjaldið innan tilskilins frests skal þeim gert að greiða álag er nemi 5% af þeirri fjárhæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan virkan dag eftir gjalddagann, þó ekki herra en 25%. Eftir það skulu þeir greiða dráttarvexti, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, er reiknast skulu frá og með 15. degi næsta mánaðar eftir gjalddagann.

Heimflutningur lánsandvirðis, sem er í reiðufé, skal fara um hérlendan banka eða sparisjóð. Yfirfærsla gjaldeyris í banka eða sparisjóði vegna gjaldskyldra samninga samkvæmt ákvæðum þessa kafla er óheimil nema gjaldið hafi verið greitt.

18. gr.

Ríkissjóður skal undanþeginn gjaldi samkvæmt þessum kafla svo og stofnanir hans og ríkisfyrirtæki eftir því sem ráðherra kann að ákveða með reglugerð.

Skuldbreytingar milli sömu aðila á samsvarandi samningsfjárhæð útstandandi viðskipta, er stofnað var til fyrir gildistöku laga þessara, skulu undanþegar gjaldi samkvæmt þessum kafla.

Fjármálaráðherra er heimilt að undanþiggja eftirtalda lánsamninga gjaldi samkvæmt þessum kafla:

1. Afurðalán vegna útflutnings, útflutningslán og birgðalán sem tekin eru erlendis eða endurlánað erlent lánsfé til útflytjenda í því skyni að flýta uppgjöri söluandvirðis við framleiðendur útflutningsafurða, svo og önnur lán sem falla undir auglýsingu nr. 309 1986 um erlend lán vegna útflutningsafurða.

2. Lán vegna hráefnakaupa fyrirtækja í útflutnings- og samkeppnisiðnaði. Sama á við um lán sem tekin eru erlendis vegna reksturs flugvéla og kaupskipa.
3. Ný lán sem tekin eru til greiðslu á ógjaldföllnum hluta eldra láns enda sé sýnt fram á að hin nýja lántaka hafi ekki í för með sér aukningu erlendra skulda viðkomandi aðila eða lengingu á lánstíma og að með hinni nýju lántöku sé aðeins stefnt að því að fá hagstæðari lánskjör.

19. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessa kafla. Getur hann m.a. kveðið nánar á um það sem fellur undir undanþáguheimildir 18. gr., svo og um önnur skilyrði sem hann telur nauðsynleg. Þá getur hann kveðið nánar á um að greiðslum megi skipta í fleiri en eina greiðslu til samræmis við afhendingartíma samningsandvirðis sé það reitt af höndum í áföngum.

Heimilt er að fela Seðlabanka Íslands að hafa með höndum umsjón og eftirlit með framkvæmd ákvæða þessa kafla.

## VI. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

20. gr.

Ákvæði XII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu gilda um refsingar vegna brota gegn ákvæðum V. kafla.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur IV. kafli bráðabirgðalaga nr. 68/1987, um ráðstafanir í fjármálum, úr gildi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu ákvæði III. kafla laganna ekki öðlast gildi fyrr en 1. júlí 1988 og taka til launa vegna starfa sem unnin eru frá og með þeim tíma.

Ákvæði IV. kafla laganna skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1988 vegna tekna á árinu 1987 og eigna í lok þess árs.

Ákvæði V. kafla laganna falla úr gildi 31. desember 1988.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Samningar, sem um ræðir í 13. og 15. gr. og gerðir voru og formlega gengið frá fyrir 10. júlí 1987, þó svo að afhending samningsandvirðis til skuldara fari ekki fram fyrr en eftir framangreint tímamark, eru undanþegnir gjaldskyldu skv. V. kafla.

Af samningum, sem um ræðir í 13. og 15. gr. og gerðir voru og formlega gengið frá á tímabilinu 10. júlí 1987 til gildistöku laga þessara, þó svo að afhending samningsandvirðis fari fram síðar, skal greiða gjald samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 68/1987.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið samstilltar aðgerðir í efnahagsmálum á sviði ríkisfjármála, lána- og peningamála og gjaldeyrismála. Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um þessar aðgerðir er fylgiskjal I með þessu frumvarpi. Tilgangur aðgerðanna er að bæta starfsskilyrði útflutningsgreina og hamlu gegn viðskiptahalla og erlendri skuldasöfnun.

Þessar aðgerðir koma bæði við tekju- og gjaldahlíð fjárlaga fyrir árið 1988. Jafnframt snerta þær niðurstöður lánsfjárlaga fyrir árið 1988.

Á gjaldahlið vegur þyngst sú ákvörðun ríkisstjórnar að endurgreiða að fullu uppsafnaðan söluskatt til sjávarútvegsfyrirtækja á árinu 1988, en við afgreiðslu fjárlaga var einungis gert ráð fyrir að um þriðjungur yrði endurgreiddur. Þetta hefur í för með sér tæplega 600 m.kr. útgjaldaauka fyrir ríkissjóð á þessu ári. Jafnframt hefur ríkisstjórnin ákveðið að fella niður launaskatt í sjávarútvegi og samkeppnisgreinum iðnaðar frá 1. júlí næstkomandi. Þetta kostar ríkissjóð um 200 m.kr. á árinu.

Til þess að standa undir þessum útgjaldaauka og jafnframt halda fast við það meginmarkmið efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar að reka ríkissjóð án halla er nauðsynlegt að gera hvort tveggja í senn, skera niður ríkisútgjöld og afla ríkissjóði viðbótartekna. Þannig hefur verið ákveðið að lækka ríkisútgjöld um 300 m.kr. frá því sem ákveðið var á fjárlögum 1988, fyrst og fremst fjárfestingarútgjöld. Jafnframt hefur ríkisstjórnin ákveðið að fresta áformum um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga um eitt ár. Við þetta losnar fé sem átti að renna til sveitarfélaganna í gegnum Jöfnunarsjóð, tæplega 400 m.kr. Á móti koma aukin útgjöld vegna tilflutnings verkefna til ríkis um 131 m.kr. Samanlagt styrkist því fjárhagur ríkissjóðs um 260–270 m.kr. Til þess að mæta þeirri fjárþörf, sem eftir stendur, hefur verið ákveðið að afla ríkissjóði aukinna tekna. Tekjuöflunin felst í hækkun á tekjuskatti fyrirtækja og tvöföldun á gjaldi af erlendum lántökum sem samanlagt skilar um 300 m.kr. á þessu ári.

Með þessu móti er tryggt það meginmarkmið fjárlaganna að þau verði hallalaus á árinu 1988, enda er það forsenda þess að dregið verði úr þenslu innan lands og þar með stuðlað að hjöðnun verðbólgu á síðari hluta ársins.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Hækkun ríkisútgjalda um 453 m.kr. er vegna eftirfarandi liða:	M.kr.
<b>Liðir til hækkunar</b>	<b>753</b>
Endurgreiðsla söluskatts í sjávarútvegi .....	587
Starfsmenntun verkafólks .....	35
Útgjöld vegna frestunar á tilflutningi verkefna til sveitarfélaga .....	131
<b>Liðir til lækkunar</b>	<b>300</b>
Framlög til vegamála .....	125
Framlög til byggingarsjóða ríkisins .....	100
Framlög til K-byggingar .....	20
Framlög vegna lyfjakostnaðar og sérfræðipjónustu .....	30
Framlög til Ríkisábyrgðasjóðs .....	25

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að endurgreiða að fullu uppsafnaðan söluskatt í sjávarútvegi. Þetta hefur í för með sér 587 m.kr. útgjaldaauka fyrir ríkissjóð á þessu ári og heildarframlag verður því 937 m.kr. Fjárhæðin skiptist þannig: Til fiskvinnslu renna 695 m.kr., til útgerðar 212 m.kr. og til Útflutningsráðs 30 m.kr. Framlag til Útflutningsráðs er tekið af hlut útgerðar sem annars hefði numið 242 m.kr.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir setningu laga um starfsmenntun verkafólks og á árinu 1988 verða 35 m.kr. lagðar fram í þessu skyni. Þá hefur verið ákveðið að fresta tímabundið tilflutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Sú ráðstöfun felur í sér að útgjöld ríkissjóðs hækka um 131 m.kr. og eru þau sundurliðuð á einstök verkefni í fylgiskjali III.

Jafnframt eru framlög til nokkurra útgjaldaliða lækkuð um alls 300 m.kr. frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlögum 1988. Þar ber helst að telja framlög til vegamála 125 m.kr. og húsbyggingarsjóða um 100 m.kr.

Um 2. gr.

Hækkun tekna ríkissjóðs um 488 m.kr. er áætluð sem hér segir:	M.kr.
<b>Liðir til hækkunar</b>	<b>688</b>
Hækkun á tekjuskatti fyrirtækja .....	130
Lækkun skil til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga .....	398
Hækkun á lántökugjaldi af erlendum lánum .....	160
<b>Liðir til lækkunar</b>	<b>200</b>
Niðurfelling launaskatts í sjávarútvegi og samkeppnisgreinum í iðnaði .....	200

Hækkun á tekjuskatti fyrirtækja felst í hækkun skatthlutfalls úr 45% í 48%. Með þeirri frestun á tilflutningi verkefna til sveitarfélaga, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, verður lögbundið framlag ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skert á sama hátt og á árinu 1987. Í þessu felst að framlagið lækkar um 398 m.kr. Enn fremur er lántökugjald af erlendum lánum tvöfaldað. Þá er gert ráð fyrir að launaskattur á fyrirtæki í sjávarútvegi og samkeppnisgreinum iðnaðarins falli niður frá 1. júlí 1988. Þetta kostar ríkissjóð 200 m.kr. á þessu ári.

Þessar aðgerðir þjóna því tvíþætta markmiði að draga úr útgjöldum innan lands og afla jafnframt nauðsynlegra tekna til að mæta aukinni endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti til fyrirtækja í sjávarútvegi, þ.e. halda fyrri markmiðum um jöfnuð í ríkisfjármálum.

Framangreind atriði skv. 1. og 2. gr. fela því í sér nokkra hækkun tekna og gjalda ríkissjóðs á fjárlögum ársins 1988. Hins vegar er óbreytt sem fyrr segir meginmarkmið fjárlaganna um jöfnuð í ríkisfjármálum eins og eftirfarandi yfirlit sýnir (allar fjárhæðir í m.kr.):

**Afkoma A-hluta ríkissjóðs 1988.**

	Fjárlög 1988	Endurskoðun 1988
1. Tekjur .....	63 091	63 579
2. Gjöld .....	63 065	63 518
<b>3. Tekjur umfram gjöld (1-2) .....</b>	<b>26</b>	<b>61</b>
Lánahreyfingar:		
4. Afborganir lána, veitt lán o.fl. ....	4 775	4 775
5. Viðskiptareikningar, nettó-útstreymi .....	400	400
<b>6. Lánsfjárförf brúttó (4+5-3) .....</b>	<b>5 149</b>	<b>5 114</b>
7. Lántökur:		
Innlend lán .....	4 260	4 260
Erlend lán .....	905	905
<b>8. Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting .....</b>	<b>16</b>	<b>51</b>

Um 3. gr.

Hér er um tvo lánaflökka að ræða. Annars vegar eru útgefin skuldabréf á árinu 1984 og 1985 til greiðslu á þinggjöldum fiskvinnslufyrirtækja. Eftirstöðvar þessara lána voru um

síðustu áramót 429 m.kr. Á árinu 1988 eru afborganir 150 m.kr. og 100 m.kr. eru í vanskilum frá 1987. Lánunum þessum verður skuldbreytt þannig að endurgreiðslutími verður lengdur um þrjú ár. Jafnframt verða þau afborgunarlaus á árinu 1988.

Hins vegar eru lán sem veitt voru með lögum nr. 10/1984 til hagræðingar í fiskiðnaði og til að leysa staðbundin vandamál. Eftirstöðvar þess hluta lánanna, sem varðar fiskvinnslu, voru um síðustu áramót 154 m.kr. Þessum lánunum hefur verið haldið fyrir utan skuldbreytingar sem gerðar hafa verið á öðrum lánunum Fiskveiðasjóðs. Á árinu 1988 verður greiðslubyrði létt um 100 m.kr. og er gert ráð fyrir að staðið verði að skuldbreytingu með hliðstæðum hætti og gert hefur verið við önnur lán Fiskveiðasjóðs.

#### Um 4.–6. gr.

Nauðsynlegt er að takmarka erlendar lántökur eins og kostur er. Í því skyni eru erlendar lántökur opinberra aðila lækkaðar um 100 m.kr., þar af hjá Landsvirkjun 75 m.kr. og Þróunarfélagi Íslands hf. 25 m.kr. Þá er lántökuheimild til smíði Herjólfis í Vestmannaeyjum lækkuð um 25 m.kr.

Jafnframt eru erlendar lántökur atvinnuvegasjóða lækkaðar um 175 m.kr. og skiptast þær þannig á sjóði: Fiskveiðasjóður vegna útlána 75 m.kr., Iðnlánasjóður 75 m.kr. og Iðnþróunarsjóður 25 m.kr.

Framangreindar ráðstafanir fela í sér að erlendar lántökur þjóðarbúsins til langs tíma eru lækkaðar um 300 m.kr., eða úr 9574 m.kr. í 9274 m.kr. Að öðru leyti vísast til fylgiskjals II.

#### Um 7. gr.

Vegna frestunar á tilflutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga um eitt ár er fallið frá því að skerða lögbundið framlag ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs að fullu eins og gert er ráð fyrir í lánsfjárlögum 1988. Framlag ríkissjóðs í þessu skyni er áætlað 15 m.kr. á árinu 1988.

#### Um 8. gr.

Við afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir árið 1988 var framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga við það miðað að frumvarp um tilflutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga yrði samþykkt. Nú hefur verið ákveðið að fresta málinu um eitt ár og er því framlag ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga lækkað úr 1540 millj. kr. í 1142 m.kr., eða um 398 m.kr. Í þessu felst að lögbundið framlag ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er skert á sama hátt og á árinu 1987.

#### Um III. kafla.

Ákvæði þessa kafla fela í sér að 1% launaskattur, sem greiða skal samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/1987 af launum sem greidd eru í útgerð, fiskverkun og iðnaði, er felldur niður 1. júlí 1988. Áætlað er að tekjutap ríkissjóðs af þessum sökum verði um 200 millj. kr. á árinu 1988.

#### Um IV. kafla.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að tekjuskattur lögaðila verði 48% af skattskyldum tekjum. Við afgreiðslu fjárlaga var við það miðað að skatthlutfallið yrði 45%, sbr. lög nr. 2/1988.

Hækkunin nú er gerð í þeim tilgangi að afla ríkissjóði aukinna tekna. Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1988 var tekjuskattur félaga áætlaður 1890 m.kr. Með þeirri hækkun skatthlutfallsins, sem hér er lögð til, er áætlað að tekjur ríkissjóðs hækki um 130 m.kr. á þessu ári.



Um V. kafla.

Ákvæðum þessa kafla er ætlað að leysa af hólmí gildandi ákvæði um gjald af erlendum lántökum sem nú er að finna í IV. kafla bráðabirgðalaga nr. 68/1987, um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Eðlilegt þykir að hafa þennan háttinn á í ljósi þess að umrædd bráðabirgðalög hafa enn ekki hlotið staðfestingu Alþingis.

Breytingar, sem þessi kaflí hefur í för með sér frá gildandi ákvæðum umræddra bráðabirgðalaga, fela annars vegar í sér að gjaldið er tvöfaldað. Af lánum til allt að 6 mánaða verður það 2% í stað 1% áður, 4% vegna lána frá 6–12 mánaða í stað 2% áður og 6% af lánum til lengri tíma en eins árs í stað 3% áður. Hins vegar er uppsetningu og orðalagi fyrri ákvæða breytt nokkuð án þess að um efnisbreytingar sé að ræða. Með þessu er reynt að gera lögin skýrari og fyllri, jafnframt því sem styrkari lagastoðum er skotið undir framkvæmd skattheimtunnar en gert er í gildandi ákvæðum.

Um VI. kafla.

Kaflinn þarfnast ekki skýringa.

**Fylgiskjal I.**

**Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um efnahagsaðgerðir.**

(29. febr. 1988.)

Ríkisstjórnin hefur ákveðið samstilltar aðgerðir á sviði gjaldeyrismála, ríkisfjármála og lána- og peningamála. Tilgangur aðgerðanna er að bæta starfsskilyrði útflutningsatvinnuvega og hamla gegn viðskiptahalla og erlendra skuldaföfnun. Einn þáttur þessara aðgerða er lækkun á gengi krónunnar um 6% sem Seðlabanki Íslands hefur ákveðið að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar. Stefnan í gengismálum verður framvegis við það miðuð að gengi krónunnar verði haldið stöðugu.

Á grundvelli stefnunnar í gengismálum og með þeim efnahagsaðgerðum, sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir, mun draga úr verðbólgu á síðari hluta ársins. Forsenda þessa er að þeirri almennu stefnu, sem mörkuð hefur verið í þeim kjarasamningum sem þegar hafa verið gerðir, verði fylgt í öðrum samningum.

**Aðgerðir til að bæta hag útflutningsgreina.**

- \* Uppsafnaður söluskattur verður að fullu endurgreiddur fyrirtækjum í fiskvinnslu og útgerðum skipa sem greiðsluskyld eru til Stofnfjár sjóðs fiskiskipa, þó ekki vegna sjófrystingar og útflutnings á óunnum fiski. Endurgreiðsla þessi nemur 587 m.kr. umfram það sem fjárlög ársins 1988 gera ráð fyrir.
- \* Launaskattur í sjávarútvegi og samkeppnisgreinum iðnaðar fellur niður frá 1. júlí 1988. Þessi aðgerð svarar til um 200 m.kr.
- \* Skuldum sjávarútvegsfyrirtækja við ríkissjóð og greiðslum vegna lána ríkissjóðs, sem afgreidd voru frá Fiskveiðasjóði 1984, verður breytt í lán til lengri tíma. Áætlað er að skuldbreytingar þær, sem hér um ræðir, létti greiðsiustöðu þeirra fyrirtækja sem í hlut eiga um 370 m.kr. á árinu 1988.

- \* Áfram verður unnið að fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja í útflutningsgreinum í samstarfi viðskiptabanka, Bygðastofnunar og annarra lánastofnana.
- \* Seðlabankinn beitir sér fyrir því fyrir hönd ríkisstjórnarinnar að vaxtamunur, sem bankarnir taka vegna gengisbundinna afurðalána, lækki um a. m. k. 0,25%. Seðlabankinn beitir sér einnig fyrir því að umsjónar- og eftirlitsgjald vegna afurðalána verði lækkað í fyrra horf hjá þeim bönkum sem hækkuðu gjaldið árið 1987.
- \* Seðlabankinn mun beina því til bankanna að þeir leysi með sveigjanlegum hætti rekstrarvandamál þeirra fyrirtækja sem þurfa á afurðalánafyrirgreiðslu umfram 75% af verðmæti birgða að halda.
- \* Tilhögun á greiðslu vaxta- og geymslugjalds sauðfjárafurða verður endurskoðuð.
- \* Olíuverð lækkar 1. mars með hliðsjón af stöðu innkaupajöfnunarreiknings, verði birgða og horfum um þróun olíuverðs á alþjóðamarkaði.

#### **Bætt starfsskilyrði launafólks.**

- \* Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir setningu laga um starfsmenntun verkafólks og mun ríkissjóður leggja fram fé á árinu 1988 í þessu skyni.
- \* Ákvæði laga og reglugerðar um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fastráðins fiskvinnslufólks verða endurskoðuð í samráði við hlutaðeigandi samtök.

#### **Aðgerðir til að hamla gegn viðskiptahalla og erlendri skuldasöfnun.**

- \* Ríkisútgjöld verða lækkuð um 300 m.kr. á þessu ári. Útgjöld til vegamála lækka um 125 m.kr., framlög í byggingarsjóði ríkisins lækka um 100 m.kr. og önnur útgjöld lækka um 75 m.kr.
- \* Áformum um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga verður frestað um ár. Við það styrkist fjárhagur ríkissjóðs um 260 m.kr. frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlögum ársins 1988.
- \* Gjald á erlendar lántökur verður tvöfaldað. Tekjuskattur félaga verður hækkaður. Samanlagt skila þessar ákvarðanir ríkissjóði 290 m.kr. á árinu. Gjald á erlendar lántökur fellur niður frá næstu áramótum.
- \* Erlendar lántökuheimildir fjárfestingarlánasjóða og ýmissa annarra aðila verða lækkaðar um 300 m.kr. Lántökur opinberra aðila eru lækkaðar um 100 m.kr., þar af hjá Landsvirkjun 75 m.kr. og Þróunarfélagi Íslands hf. 25 m.kr. Þá er lántökuheimild til smíði Herjólfis lækkuð um 25 m.kr. Erlendar lántökur atvinnuvegasjóða eru lækkaðar um 175 m.kr., þar af hjá Fiskveiðasjóði vegna útlána 75 m.kr., hjá Iðnlánasjóði 75 m.kr. og hjá Iðnþróunarsjóði 25 m.kr.

- \* Fylgt verður fast eftir framkvæmd gildandi reglna um erlendar lántökur. Hvað varðar lán, sem háð eru sérstökum leyfum, verður við það miðað að heildarfjárhæð slíkra lánsheimilda verði haldið innan tiltekinna marka á hverjum ársfjórðungi.
- \* Fiskveiðasjóði verður falið að fresta svo sem framast er unnt lánveitingum til nýsmíði og kaupa á fiskiskipum.
- \* Ríkisstjórnin mun beina því til sveitarfélaga og annarra framkvæmdaaðila að dregið verði úr framkvæmdum eftir því sem fóng eru á. Mun ríkisstjórnin óska eftir viðræðum um þetta við Samband íslenskra sveitarfélaga og aðra viðkomandi aðila.

#### **Vextir og fjármagnsmarkaður.**

- \* Nafnvextir innlánsstofnana lækka almennt 1. mars um 1–4% eða um 2% að meðaltali.
- \* Seðlabankinn hefur ákveðið að lækka eigin vexti í viðskiptum við innlánsstofnanir um 2%. Fjármálaráðuneytið hefur ákveðið frekari lækkun forvaxta ríkisvixla um 1%.
- \* Í kjölfar efnahagsaðgerðanna verða raunvextir á spariskírteinum ríkissjóðs lækkaðir.
- \* Seðlabankinn mun beina því til innlánsstofnana að þær reikni dráttarvexti sem dagvexti í stað þess að reikna fulla mánaðarvexti fyrir brot úr mánuði. Ákvæði laga um dráttarvexti verða endurskoðuð.
- \* Lagt verður fram frumvarp um starfsemi fjármálastofnana, annarra en innlánsstofnana, sem meðal annars tryggja hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðum. Jafnframt verður lagt fram frumvarp um skattskyldu fjárfestingarlánasjóða og veðdeilda banka.

Með þessum aðgerðum eru sköpuð bætt skilyrði fyrir jafnvægi í þjóðarbúskapnum sem er undirstaða framfara og batnandi líffskjara.

## Fylgiskjal II.

Febrúar 1988.

### Heildaryfirlit um innendar og erlendar lántökur 1988.

	Lánsfjárlög			Endurskoðun		
	Innl. lán	Erl. lán	Heildar-lán	Innl. lán	Erl. lán	Heildar-lán
<b>I. Opinberir aðilar</b>	<b>4.260</b>	<b>1.949</b>	<b>6.209</b>	<b>4.260</b>	<b>1.849</b>	<b>6.109</b>
Ríkissjóður, A-hluti	4.260	905 <sup>1)</sup>	5.165	4.260	905 <sup>1)</sup>	5.165
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	–	650	650	–	550	550
Sveitarfélög	–	394	394	–	394	394
<b>II. Opinberar lánastofnanir</b>	<b>6.690</b>	<b>750</b>	<b>7.440</b>	<b>6.690</b>	<b>750</b>	<b>7.440</b>
Byggingarsjóður ríkisins	4.800	–	4.800	4.800	–	4.800
Byggingarsjóður verkamanna	1.360	–	1.360	1.360	–	1.360
Bygðastofnun, almennar lánveitingar	250	550	800	250	550	800
Bygðastofnun, innlend skipasmíði	–	200	200	–	200	200
Framkvæmdasjóður	280	–	280	280	–	280
<b>III. Atvinnufyrirtæki og sjóðir</b>	<b>1.260</b>	<b>6.875</b>	<b>8.135</b>	<b>1.260</b>	<b>6.675</b>	<b>7.935</b>
Atvinnufyrirtæki	–	4.800	4.800	–	4.800	4.800
Herjólfur hf., Vestmannaeyjum	–	125 <sup>2)</sup>	125	–	100 <sup>2)</sup>	100
Flóabáturinn Baldur hf.	–	100	100	–	100	100
Fiskveiðasjóður, greiðsluhalli	150	150	300	150	150	300
Fiskveiðasjóður, útlán	250	350	600	250	275	525
Iðnlánasjóður	300	400	700	300	325	625
Iðnþróunarsjóður	50	100	150	50	75	125
Stofnlánadeild landbúnaðarins	60	–	60	60	–	60
Útflutningslánasjóður	50	50	100	50	50	100
Fjármögnunarleigur	400	800	1.200	400	800	1.200
<b>Heildarlántökur (I+II+III)</b>	<b>12.210</b>	<b>9.574</b>	<b>21.784</b>	<b>12.210</b>	<b>9.274</b>	<b>21.484</b>

1) Erlendar lántökur ríkissjóðs á árinu 1988 að fjárhæð 905 m.kr. eru ekki vegna eigin ráðstöfunar heldur vegna milligöngu ríkissjóðs um langtímalántökur til RARIK, raðsmíðaskipa og Mánabergsins á árinu 1988. Er hér um að ræða lántökur til að greiða upp erlend skammtímalán sem tekin voru á árinu 1987.

2) Þar af 25 m.kr. ónotuð heimild frá árinu 1987.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

**Fylgiskjal III.**

Febrúar 1988.

**Forsendur fjárlagafrumvarps og fjárlaga 1988 um tilfærslur verkefna til sveitarfélaga.**

(Allar tölur í þúsundum króna.)

	Fjárlagafrumvarp 1988	Fjárlög 1988	Endurskoðun 1988 <sup>1)</sup>
02-563 Tónlistarfræðsla	51.700	0	0
1.20 Aðrir tónlistarskólar .....	50.000	0	0
6.90 Stofnkostnaðarstyrkir .....	1.700	0	0
02-803 Dagvistarheimili .....	60.000	60.000	60.000
02-985 Félagsheimilasjóður .....	15.000	15.000	15.000
02-986 Íþróttasjóður .....	25.000	25.000	25.000
6.20 Bygging íþróttamannvirkja .	25.000	25.000	25.000
02-991 Húsfriðun .....	8.300	8.300	8.300
6.40 Byggða- og minjasöfn ....	8.300	8.300	8.300
07-700 Málefni fatlaðra .....	-1.130	-1.130	-1.130
07-399 Vatnsveitur .....	12.000	12.000	20.000
6.01 Vatnsveitur .....	12.000	12.000	20.000
08-271 Tryggingastofnun ríkisins ..	14.000	0	0
1.20 Heimaþjónusta aldraðra ...	14.000	0	0
10-333 Landshafnir .....	3.800	3.800	3.800
Samtals	187.130	122.970	130.970

1) Framlög ríkissjóðs á árinu 1988 vegna frestunar á tilflutningi verkefna til sveitarfélaga.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.